

235. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 6. janúar 2015 kl. 10.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kirkjuferjuháleiga: Framkvæmd á lokunaráætlun svæðisins o.fl.

Bárður Árnason frá Eflu sat fundinn undir þessum lið, einnig var haft samband við Gunnar Svavarsson á Eflu í síma.

Fyrirmæli Umhverfisstofnunar (UST) vegna lokunaráætlunar Kirkjuferjuháleigu eru væntanleg til umsagnar á næstu dögum.

Samþykkt var að stjórnin muni láta gera kostnaðaráætlun vegna þeirra liða í lokunaráætluninni sem þörf er á láta meta. Stjórnin skoði svæðið þegar veður leyfir.

2. Framlenging á samkomulagi um móttöku og meðhöndlun úrgangs hjá Sorpu.

Lagður var fram samningur til sex mánaða. Stjórnin staðfestir samninginn.

3. Samningur um skrifstofuþjónustu og aðstöðu hjá SASS.

Lagður var fram samningur við SASS. Stjórnin staðfestir samninginn.

4. Orkugerðin: Fundargerð stjórnarfundar þann 10. nóv. s.l.

Fundargerðin var lögð fram.

5. Orkugerðin: Fráveituframkvæmdir.

Lagt fram til kynningar.

6. Verðmatsupplýsingar vegna sameiningarviðræðna Sorpu og SOS

Lögð voru fram þau gögn sem unnin hafa verið.

7. Sveitarfélagið Ölfus: Viðræður.

Stjórnin samþykkir að óska eftir viðræðum við Sveitarfélagið Ölfus um mögulegan urðunarstað.

8. Fyrirkomulag viðræðna við Sorpu.

Samþykkt að í viðræðuhópi SOS verði Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásta Stefánsdóttir.

9. Önnur mál.

- a) Formaður gerði grein fyrir kynningu sem hann fékk frá aðstandendum www.nattura.is.
- b) Formaður SASS kynnti nýjan framkvæmdastjóra SASS fyrir stjórninni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.